

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 487/1994.

Hreiðar Bergur Hreiðarsson

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Wan Eknarin

Kærumál. Stefnbirting. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 10. nóvember sl., þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Sóknaraðili staðhæfir, að umboðsmaður sinn hafi ekki fengið vitneskju um hinn kærða úrskurð fyrr en 24. nóvember 1994. Ekki liggur fyrir, að héraðsdómari hafi tilkynnt sóknaraðila eða umboðsmanni hans um úrskurðinn fyrir þann tíma. Verður því litið svo á, að kært hafi verið innan frests samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991.

Í a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, sem sóknaraðili telur, að feli í sér heimild til að birta stefnu í málinu í Lögbirtingablaði, er sett það skilyrði fyrir slíkri birtingu, að ekki sé unnt að afla upplýsinga um, hvar birta megi stefnu eftir almennum reglum. Varnaraðili mun eiga lögheimili að Hraunbæ 116 í Reykjavík, þar sem heimilt er að birta stefnu á hendur henni, sbr. a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þessari ástæðu verður ekki byggt á fyrrgreindu ákvæði í 89. gr. laganna. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 29. september 1994, er höfðað með stefnu, birtri í Lögbirtingablaðinu 19. ágúst sl., af Hreiðari Bergi Hreiðarssyni, kt. 301046-7829, Hraunbæ 116, Reykjavík, gegn Wan Eknarin, kt. 110753-2179, með lögheimili að Hraunbæ 116, Reykjavík, en nú, eins og segir í stefnu, með óþekktan dvalarstað. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að þola ógildingu á 3. gr. kaupmála á milli stefnanda og stefndu, dags. 25. 6. 1991, skrásetts í kaupmálabók sama dag, en greinin hljóðar svo: „Komi til skilnaðar á milli okkar skv. ósk mannsins, skal litið svo á, að kaupmáli þessi sé fallinn úr gildi, og fer þá um skipti milli okkar skv. lögum.“ Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Ekki var mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins 29. september sl., og var málið dómtekið sama dag.

II.

Málavextir eru í höfuðdráttum þeir, að stefnda, sem er tælenskur ríkisborgari, kom til Íslands 10. júní 1991, og gengu stefnandi og stefnda í hjónaband 26. júní sama ár. Gerðu þau með sér kaupmála fyrir giftinguna, þar sem eignir stefnanda, íbúð og bifreið, voru gerðar að séreign stefnanda, með fyrrnefndum fyrirvara þó í 3. gr. kaupmálans, sem mál þetta snýst um. Í september 1991 fór stefnda síðan í ferð til Tælands og sneri ekki til Íslands fyrr en í febrúar 1992. Dvaldist stefnda hér á landi frá þeim tíma, er frá eru taldar styttri ferðir til Englands og Hollands, þar til í septembermánuði 1992, er hún hélt á ný til Tælands. Stefnda hefur ekki snúið aftur til Íslands. Við brottför sína gaf stefnda upp heimilisfang í Bangkok í Tælandi, en hefur ekki svarað bréfum stefnanda, sem send hafa verið á það heimilisfang. Hefur stefnda nokkrum sinnum síðan haft símasamband við stefnanda og sagst vera í Tælandi, en ekki gefið upp aðsetur sitt.

III.

Stefnandi vísar um lagarök fyrir kröfum sínum til III. kafla samningalaga nr. 7/1936 „um ógilda löggerninga“, sérstaklega 30. gr., 31. gr., 33. gr. og 36. gr. laganna, og um birtingu stefnu til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Hafi honum verið nauðsynlegt að fá stefnu þessa birta í Lögbirtingablaði, þar sem ómögulegt hafi reynst að afla upplýsinga um, hvar stefnda haldi sig.

Um heimild til að birta stefnu í Lögbirtingablaði eru ákvæði í 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, en þar segir:

„Stefnu má birta í Lögbirtingablaði, ef:

- a. upplýsinga verður ekki aflað um, hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum,
- b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr.“

Almennar reglur um, hvar birta megi stefnu, er að finna í XIII. kafla laga nr. 91/1991, einkum 85. gr. og 90. gr.

Í 2. mgr. 85. gr. segir, að stefnu skuli að jafnaði birta fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans eða þar sem hann hefur fasta búsetu, dvalarstað eða vinnustað. Þá segir í a-lið 3. mgr. sömu greinar, að birting sé alltaf lög-mæt, þótt hún fari ekki fram skv. 2. mgr., er birt er á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans. Sé heimilismanns ekki kostur, megi birta fyrir þeim, sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slík-an heldur að ræða, megi birta fyrir þeim, sem þar hittist fyrir.

Í 90. gr. laga nr. 91/1991 eru síðan ákvæði um, hvernig verði farið að við birtingu stefnu, er stefndi á heimili erlendis og birtingin getur ekki átt sér stað hér á landi eftir öðrum ákvæðum XIII. kafla laga nr. 91/1991, en greinin hljóðar svo:

„Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki, og fer þá um birtingu stefnu eftir lögum þess ríkis ef birting getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla.“

Ef stefnanda hins vegar reynist ekki unnt að fá birtingu framkvæmda í heimaríki stefndu, vegna þess að erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr., hefur hann þann möguleika að fá stefnuna birta í Lögbirtingablaði á grundvelli heimildar í b-lið 1. mgr. 89.

Samkvæmt gögnum máls þessa á stefnda skráð lögheimili að Hraunbæ 116, á heimili stefnanda, en þar hefur hún ekki búið frá því í september 1992, er hún hélt til Tælands. Það liggur fyrir í málinu, að stefnda hefur ekki komið til Íslands eftir það. Hins vegar liggur fyrir, að stefnda hefur sjálf sagst búa í Tælandi, þótt hún hafi ekki gefið upp aðsetur sitt þar.

Með vísan til framanritaðs þykir ekki vera fullnægt skilyrðum 89. gr. laga nr. 91/1991, til að birta megi stefnu í Lögbirtingablaði, og ber því að vísa máli þessu frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna embættisanna dóm-arans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
